



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t. Sigurbjargar Sæmundsdóttur  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. september 2020  
Tilvísun: 2020090222/50.12


**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 174/2020 um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.**

Vísað er til máls nr. 174/2020 sem birt var í samráðsgátt 4. september 2020 um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og þau gögn sem því fylgja og gefur eftirfarandi umsögn.

HER telur jákvætt að styrkja lagastoð fyrir reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og fyrir eftirlit með starfsemi sem hvorki er skráningar né starfsleyfisskyld. Að mati HER ætti slík vinna þó að vera hluti af heildarendurskoðun laga nr. 7/1998 og er slík endurnýjun það sem er brýnast og lengi verið kallað eftir. Lögin eru orðin yfir 20 ára gömul, hafa tekið fjölda breytinga og því þörf á heildstæðri yfirferð. Hvað varðar meintan óskýrleika í lögnum varðandi starfsleyfisútgáfu og eftirlit með endurnýtingu úrgangs telur HER að skýrt sé í lögnum eins og þau eru í dag að þessi starfsemi fellur alfarið undir heilbrigðisnefnd, sbr. lista í viðauka IV. HER fær ekki séð hvaða rök hníga að því að flytja eftirlits- og starfsleyfisskyldu að hluta eða alveg til UST enda æskilegt að hafa eftirlit sem næst starfsemi þar sem þekking er á nærumhverfi og haldgóð sérfræðiþjónusta heilbrigðisfulltrúa til staðar. UST ber að sinna samræmis- og leiðbeiningarskyldu og getur veitt heilbrigðisnefndum aðstoð ef þörf er á en næg þekking og reynsla er til staðar til að sinna málaflokknum hjá HES.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Árný Sigurðardóttir  
Framkvæmdastjóri

  
Svava S. Steinarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi